



Mosfellsbær

## Þjónustusamningur

Daggæslufulltrúi fyrir hönd bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og undirritað dagforeldri gera með sér svofelldan þjónustusamning:

1. Mosfellsbær greiðir dagforeldri mánaðarlega, í ellefu mánuði á ári, fjárhæð vegna dvalar barna úr Mosfellsbæ hjá dagforeldri, sem uppfyllir leyfi sveitarfélagsins til daggæslu barna í heimahúsi, bæði hvað varðar gæði og búnað.
2. Greitt er með hverju barni, sem vistast hjá dagforeldri. Greiðslur miðast við það að barn hafi náð 9 mánaða aldri og eigi lögheimili í Mosfellsbæ. Greiðslur vegna barna einstæða foreldra hefjast frá lokum fæðingarorlofs.
3. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni en frá og með 1. janúar 2009 mun hún verða 35.000 kr. að hámarki. Sjá gjaldskrá.
4. Dagforeldri getur að hámarki innheimt hjá foreldrum mismuninn á framlagi Mosfellsbæjar og 78.000 kr. fyrir 8 tíma vistun. Sjá gjaldskrá. Þessi upphæð endurskoðast í samræmi við breytingu á gjaldskrá leikskóla Mosfellsbæjar hverju sinni.
5. Falli þjónusta dagforeldra niður vegna veikinda skal fara með það í samræmi við vistunarsamning milli dagforeldra og foreldra. Framlag Mosfellsbæjar fellur ekki niður vegna veikinda.
6. Dagforeldrum er heimilt að taka leyfi frá daggæslunni allt að þremur dögum á ári sem nýtast til endur- og símenntunar og skal kveða á um það í vistunarsamningi. Greiðslur frá Mosfellsbæ skerðast ekki vegna þessara daga.
7. Mosfellsbær stendur fyrir einum fræðsludegi á ári um uppeldismál fyrir dagforeldra, þeim að kostnaðarlausu.
8. Mosfellsbær leggur dagforeldrum til hlífðarfatnað á hverju ári sem svarar til kr. 10.000. Skulu þeir dagforeldrar sem eru með þjónustusamning við Mosfellsbæ 1. október ár hvert fá þessa upphæð til kaupa á hlífðarfatnaði.
9. Gera skal þríhliða þjónustusamning um vistun milli dagforeldris, foreldra og daggæslufulltrúa Mosfellsbæjar við upphaf vistunar hvers barns þar sem þjónustusamningur þessi er lagður til grundvallar. Samningurinn fellur úr gildi um leið og barnið hættir í vistun hjá dagforeldrinu.
10. Greiðslur til dagforeldra skulu greiðast 1. virka dag hvers mánaðar. Greitt er fyrirfram. Ef barn byrjar í miðjum mánuði greiðist sá hluti mánaðarins með næsta mánuði.
11. Samningur þessi verður tekinn til endurskoðunar á árinu 2009 en dagforeldri getur sagt honum upp með mánaðar fyrirvara.
12. Við undirritun samningsins mun fræðslusvið Mosfellsbæjar greiða dagforeldri í Mosfellsbæ þróunarstyrk að upphæð 50.000,-

---

Gunnhildur Sæmundsdóttir  
daggæslufulltrúi

---

dagforeldri